

Ísafjarðarbær MÓTTEKJED 05. apríl 2018 Málsnr. <u>2016-11-0085</u> Frumrit - skilist til skjalasafns
--



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTID

Ísafjarðarbær
Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri
Pósthólf 56
400 Ísafjörður

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvholsgátu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 brefasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Reykjavík 28. mars 2018
Tilv : SRN18030057/7 13 5

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar, dags. 12. mars 2018, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna kostnaðaráttóku sveitarfélagsins vegna stofnunar Lýðháskólans á Flateyri fyrir skólaárið 2018-2019. Óskað er eftir framlagi að fjárhæð 10 milljónir króna með vísan til b-liðar 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010.

Fram kemur í erindinu að með stofnun Lýðháskólans verði boðið upp á nám sem byggi á styrkleikum Flateyris og sérsíðu byggðarlagsins. Markmiðið sé að skapa nyjan valkost í íslensku menntakerfi fyrir fólk sem ekki hafi fundið sig í hefðbundnu skólakerfi. Þá sé það jafnframt eitt af markmiðum með stofnun skólans að skapa ný störf á Flateyri og nágrenni en starfsumhverfi þar sé fábreytt og atvinna hafi dregist þar mikil saman undanfarin ár. Þá muni skólinn skapa ný störf og tækifæri fyrir háskóla- og verkmenntaða einstaklinga á Flateyri en skortur á slíkum störfum hafi hamlað þróun á svæðinu og stuðlað að brotflutningi ungs fólks. Skólinn muni fylgja íbúum í byggðarlaginu og þannig leiða til betri rekstrargundvallar annarrar þjónustu á svæðinu t.d. leik- og grunnskóla.

Þá er í erindinu bent á að Lýðháskólinn muni svara í ríkara mæli kröfum um aukna valkost í menntun á Íslandi og gefa m.a. brottfallsnemendum úr framhaldsskólinum og innflytjendum aukin tækifæri til náms.

Erindi var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs 15. mars sl. Í umfjöllun nefndarinnar um erindið kom m.a. fram að byggðarlagið hafi glímt við mikla fólkfækkun síðustu árin en íbúar Flateyrar hafi verið 386 árið 2007 en væru nú 179 talsins. Um sé því að ræða 54% fólkfækkun frá því á árinu 2007. Er það mat nefndarinnar að um metnaðarfullt verkefni sé að ræða og í ljós þeirrar byggðarróskunar sem orðið hafi á svæðinu sé það von nefndarinnar að uppbrygging Lýðháskólans muni efla fjölbreytileika atvinnutækifæra á Flateyri og styrkja um leið við uppbryggingu byggðarlagsins. Ráðgjafarnefndin samþykkti úthlutun framlags til Ísafjarðarbæjar sem geti numið allt að 10,0 m.kr.

Framlag sjóðsins til Ísafjarðarbæjar mun greiðast eftir framvindu verkefnisins og upplýsinga um áfallinn kostnað vegna þess.

Samþykktin lítur einvörðungu að því að styrkja aðkomu sveitarfélagsins vegna stofnunar Lýðháskólans á Flateyri. Ekki sé liði á að sjóðurinn komi að frekari þáttóku sveitarfélagsins í rekstri skólans.

Eyrir hönd ráðherra

Guðni Geirn Einarsson

Gústav Aron Gústavsson